

Nd. **133. Frumvarp til laga** [81. mál]
um breyting á lögum nr. 32 9. janúar 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Yfirstjórn landhelgisgæzlunnar getur þó ákveðið, að einstök varðskip skuli hafa heimilisfang utan Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt skv. ósk ráðherra þess, er fer með landhelgisgæzlumál, og fylgdi því eftirfarandi athugasemd:

Slysavarnafélagið á Ísafirði hefur lagt nokkurt fé til smíði varðskips, sem væntanlega tekur til starfa á næsta ári. Er það ósk félagsins og skilyrði fyrir framlaginu, að skipið hafi heimilisfang á Ísafirði, en samkvæmt 1. gr. laga nr. 32 1935, eins og hún nú hljóðar, skulu öll varðskipin eiga heima í Reykjavík.